

**Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum á Hótel Seli 15. desember 2016.**

**Allir aðalmenn mættir ásamt skólameistara og fulltrúa kennara Birnu Björnsdóttur.**

**1. Fréttir úr skólanum**

- a) Jafnréttisáætlun. Fram kom að ný jafnréttisáætlun sem gildir 2017-2019 hefur veirð samþykkt af jafnréttisstofu.
- b) c) d) e) f) ýmsar fréttir af málefnum skólans til upplýsingar fyrir skólanefnd.

**2. Aðsókn vorið 2017.**

Aðsóknin er framar vonum en fækkar þó lítillega og verða um 100 nemendur í námi.

**3. Fundur með ráðuneytinu 5. des.**

Fram kom hjá ráðuneytisfólki að nemendafjöldi skuli vera 110 árið 2017, einnig að launavanmat yrði bætt um 2.5% á árinu 2017 og að staðfesting námsbrauta skili lokið 31. mars 2017

**4. Uppgjör ársins 2016 og fjárhagsáætlun árið 2017**

Reiknað er með að árið 2016 verði rekstrarhalli upp á 2,7 milljónir. Áætlun ársins 2017 gerir ráð fyrir halla uppá 4,7 milljónir en þá er gert ráð fyrir að greiðslur vegna Vopnafjarðar skili sér að fullu. Áætlanir fyrir 2019 gera ráð fyrir hallalausum rekstri.

**5. Möguleg útleiga Álfasteins yfir veturinn.**

Fram kom hjá skólameistara að hann vildi skoða það að leigja herbegin 7 í Álfasteini til gistirekstrar frá sept-maí 2017-2018. Skólanefnd er jákvæð fyrir því að þetta verði skoðað betur.

**6. Starfsmannamál.**

Vinnustaðasálfræðingur hefur undanfarna mánuði verið í verkefni við skólann vegna vandamála í starfsmannahópnum. Starfsmannaviðtöl hafa ekki enn komist á.

**7. Mötuneyti.**

Fram kom að framkvæmdum í matsal og eldhúsi ljúki samkvæmt áætlun fyrir áramót n.k.

Ársreikningar.

Rekstur á mötuneyti hefur gengið vel og skólanefnd samþykkti reikningana.

**8. Önnur mál.**

Fram kom að hugmyndir um aukið samstarf framhaldsskólana hér norðaustanlands væri í skoðun og hugmyndir þar um væru komnar til athugunar.

**Fleira ekki tekið fyrir.**

**Fundi slitið.**

Erlingur Ingvarsson  
Guðrún M. Valgeirsdóttir  
Guðrún Tryggvadóttir  
Margrét Hólm Valsdóttir  
Dagbjört Jónsdóttir  
Birna Björnsdóttir  
Sigurbjörn Árni Arngrímsson